



Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu þings Neytendasamtakanna
27. september 2002

Ágætu þingfulltrúar,
forystufólk og trúnaðarmenn
Neytendasamtakanna

Við þekkjum öll hvernig umræða og aðgerðir á vettvangi þjóðmála hafa á undanförunum árum snúist mjög á sveif með markaðnum og stofnanir og starfsemi sem áður lutu félagslegu valdi hafa verið tengd því hreyfiafli sem á markaðnum ræður.

Sýn okkar á einstaklinginn, túlkunin á mannlegu eðli, tekur í æ ríkara mæli lit af lögmálum um framboð og eftirspurn og hagnaðarvonin er talin vera sá drifkraftur sem knýr mannfólkið áfram. Kaupandi, seljandi, fjárfestir, lántaki eru nokkur þeirra markorða sem oftast leika á tungu þegar lýst er þeim markmiðum sem stefnt er að í trausti þess að á markaði ráðist þau úrslit sem öllum reynast hagkvæm þegar til lengdar lætur.

Vissulega hefur markaðskerfið fært okkur umtalsverða ávinninga og ekkert skipulag hefur á síðari öldum reynst jafn drjúgur hvati til framfara og efnahaglegs ávinnings. Því er að mörgu leyti skiljanlegt að sú kenning lifi góðu lífi að vænlegast sé að gefa markaðsöflunum nógu lausan tauminn.

Það er hins vegar athyglisvert að æ fleiri leggja nú áherslu á takmarkanir, annmarka og hættur sem felast í hinum óbeislaða og eftirlitslausa markaði. Umræðan í Bandaríkjunum á nýliðnu sumri um framferði, pretti, svik og svindl fyrirtækja og nauðsyn harkalegrar lagasetningar til að tryggja rétt hins almenna borgara; lýsingar á mistökum í hagstjórn í Austur Evrópu þegar flest var í skyndingu auglýst laust til sölu án þess að aðhald og eftirlit væri fest í sessi; játningar sérfræðinga í efnahagsmálum í þá veru að fyrirmæli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til þróunarríkja um að gefa

markaðsvæðingunni algjöran forgang hafi oft og tíðum sett þjóðirnar í spennitreyju og þeim ríkjum sem tefldu félagslegu réttlæti fram til mótvægis hafi í rauninni vegnað betur – allt eru þetta dæmi sem vitna um vaxandi efasemdir um ágæti markaðar sem ekki býr við skýrar reglur, aðhald og félagslegt eftirlit.

Þessi þróun umræðunnar er einnig vitnisburður um að í æ ríkara mæli sé viðurkennt hið mikilvæga hlutverk sem frjáls félagasamtök gegna í hinu markaðsvædda samfélagi og í þeirri sveit eru Neytendasamtökin í senn ávísun um árangur og reynslusjóður.

Oft hefur það gengið erfiðlega að fá stjórnvöld og áhrifaaðila í atvinnulífi til að viðurkenna í verki mikilvægi öflugra neytendasamtaka, stundum jafnvel örlað á óbeit og fjandskap, best væri að vera laus við skipulögð kvörtunarsamtök, neytandinn ætti bara að vera einn og sér, líkt og öreind í smásjá og með samtakamætti yrði markaðskerfið fyrir truflunum sem best væri að forðast.

Sjálfsgagt mun áfram verða vart við andstöðu og tregðu af þessu tagi en á hinn bóginn hafa neytendasamtök við upphaf nýrrar aldar meiri viðspyrnu en nokkru sinni og mikilvægt að sú staða verði nýtt til að blása til nýrrar sóknar.

Neytendasamtökin búa yfir dýrmætri reynslu, hafa oft verið í fararbroddi í umræðum um nauðsynlegar umbætur. Almennigur þekkir þau sem hjálparstöð sem leitað er til í glímunni við ósanngjörn fyrirtæki og til að leiðrétta ranglæti í viðskiptum.

Aukin umsvif fjármálafyrirtækja, vaxandi eignarhald almennings á hlutabréfum og dæmi um tap og jafnvel eignamissi einstaklinga sem hvattir voru til fjárfestinga á hæpnum eða jafnvel fölskum forsendum hafa skapað brýna þörf fyrir vökula neytendavernd. Einstaklingurinn er hér jafnvel berskjaldaðri en í venjulegum vörukaupum og meiri fjármunir einatt í húfi. Sumir hafa orðið fórnarlömb ákafra starfsmanna fjármálastofnana sem vilja auka viðskiptin með lánveitingum til hlutabréfakaupa án þess forsjá fylgi alltaf því kappi. Neytendasamtökin hafa hér mikið verk að vinna og mikilvægt að þau skilji að einnig á þessu sviði er brýn þörf á vöku þeirra.

Í vaxandi mæli hefur verið farið inn á þá braut hjá opinberum þjónustustofnunum, í heilbrigðisþjónustu, skólakerfi, stjórnsýslu og á fleiri sviðum að skilgreina fólkið sem þjóna á sem viðskiptavini og beita hliðstæðum aðferðum og tíðkast hafa við kaup og sölu á markaðinum. Þessi þróun er jafnan réttlætt með skírskotun til hagræðingar og hagkvæmni og vissulega getur hún fært aukinn ávinning þótt útgjöldunum sé haldið í skefjum. En þá ber líka að hafa í huga að

Þiggjendur opinberrar þjónustu þurfa á neytendavernd að halda líkt og gerist á viðskiptasviði og neytendasamtök verða í vaxandi mæli að láta til sín taka í umfjöllun um heilbrigðismál og skólakerfi, félagslega aðstoð og ákvarðanir stjórnsýslustofnana í skipulagsmálum, orkudreifingu og á fleiri sviðum; nánast á hverjum þeim vettvangi sem ríki og sveitarfélögum er ætlað að veita þjónustu og réttbæra hjálp.

Þessir þættir sem ég hef hér lauslega reifað eru allir þess eðlis að verkefni neytendasamtaka muni vaxa á komandi árum og mikilvægt er að samtökin nálgist þessa auknu ábyrgð af víðsýni og festu. Það kann að vera freistandi fyrir félagsskap sem ætíð hefur átt á brattann að sækja og býr við þá hættu að missa í einhverju fjárhagslegan stuðning að taka þá stefnu að takmarka sig við þrengra svið og halda ekki út í óvissuna sem jafnan fylgir umbyltingum af þessu tagi.

Ég tel hins vegar að innan Neytendasamtakanna sem hér koma saman til þings ríki eindreginn vilji til að takast á við þá ögrun sem þessari þróun fylgir og vera almenningi áfram öflugur bakhjarl, leysa úr þeim vandamálum sem markaðsvæðing samfélagsins skapar.

Ísland er líka á margan hátt kjörinn vettvangur til að sýna hvernig vakandi neytendasamtök geta agað og slípað markaðskerfið á þann hátt að kostir þess reynist almenningi varanlegur ávinningur og ég vona að samtök ykkar muni á komandi árum hafa afl og úthald til að mæta þessum vaxandi kröfum

Ég færi ykkur einlæggar þakkir fyrir margþætt og ötult starf Neytendasamtakanna á umliðnum árum og óska ykkur heilla og góðs gengis í glímunni við verkefni sem sannarlega munu hafa mikil áhrif á þróun íslensks samfélags í framtíðinni.